

64  
16. júní

## REGLUGERÐ

til

**bráðabirgða um breyting á 11. gr. reglugerðar frá 1. febrúar 1928,  
um próf fyrir bifreiðarstjóra.**

Samkvæmt lögum nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða er hérmeð sett eftirfarandi ákvæði:

Á tímabilinu frá 20. júní til 5. júlí 1930 heimilast undirbúningsnefnd Alþingishátíðarinnar að ráða í þjónustu sína bifreiðarstjóra til þess að stýra bifreiðum til almennra fólksflutninga þótt þeir hafi ekki tekið viðbótarpróf það, sem um ræðir í 11. gr. reglugerðar frá 1. febrúar 1928, um próf fyrir bifreiðarstjóra.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 16. júní 1930.*

**Tryggvi Þórhallsson.**

*Vigfús Einarsson.*

65  
18. júní

## BRÁÐABIRGÐAREGLUGERÐ

um

**eftirlit með raforkuvirkjum.**

### I. KAFLI.

*Almenn ákvæði.*

#### 1. gr.

Öll raforkuver og raforkuvirki, sem framleiða og flytja raforku með hærri spennu en 20 voltum til heimilisparfa, iðnaðar eða annarar notkunar, skal tilkynna atvinnumálaráðuneytinu jafnskjótt og þau taka til starfa. Þau